

Safnahúsið, þriðjudagur 15. maí kl. 14:00

TILNEFNINGAR TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2018



DAGSKRÁ:

Tónlistaratriði frá Suzukipíanóskólanum

Inga Margrét Bragadóttir, nemandi í 7. bekk Háaleitisskóla

Setning

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla

Ávarp

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Niðurstöður dómnefndar

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður dómnefndar

Afhending Foreldraverðlaunanna 2018

Tónlistaratriði frá Suzukipíanóskólanum

Greipur Þorbjörn Gíslason, nemandi í 10. bekk Foldaskóla

Athöfn slitið

Anna Margrét Sigurðardóttir

Að athöfn lokinni er gestum boðið upp á kaffi og veitingar

1. *Foreldraþorpið*

Foreldrafélög í Laugardal – Háaleiti og Bústöðum

Foreldrafélögin í hverfinu hafa myndað samráðsvettvanginn Foreldraþorpið og staðið fyrir ýmsum viðburðum og fræðslu fyrir foreldra. Stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan þeirra. Velferð nemenda er best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Samkvæmt lögum skulu grunnskólar hafa starfandi skólaráð og foreldrafélög í grunnskólum eru einnig lögbundin. Vegvísir samstarfsins er að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn.

2. *Allir með - tölum saman um skólamenningu á Íslandi*

SAMFOK og Móðurmál

SAMFOK í samstarfi við samtökin Móðurmál stóðu í vetur fyrir tíu málþingum fyrir foreldra af erlendum uppruna um skólamenningu á Íslandi. Markmiðið með málþingunum var að fræða foreldra og skapa vettvang til að tala saman um skólamenningu á Íslandi og áhuga, ábyrgð og áhrif foreldra á nám og vel-líðan barna sinna. Málþingin voru haldin í samstarfi við einstaka móðurmáls-hópa innan Móðurmáls og í samvinnu við Heimili og skóla, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Velferðarráðuneytið, Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Á málþingunum var meðal annars fjallað um það sem einkennir skóla- og frístundastarf á Íslandi, samstarf foreldra og skóla og virkt fjöltyngi. Leitast var við að svara spurningum og fá ábendingar frá þátttakendum um hvað er gott við íslenska skólakerfið og hvað má bæta. Þessum upplýsingum var síðan safnað saman og verður komið á framfæri við rétta aðila. Málþingin voru öll tekin upp og eru upptökurnar aðgengilegar á Facebook, á heimasíðu SAMFOK: samfok.is og á netsamfelagid.is. Efnið nýtist því áfram þeim sem ekki komust og þar með foreldrum um allt land.

3. *Foreldrafélag Réttarholtaskóla*

Stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla

Foreldrafélag Réttarholtsskóla er öflugt félag sem stendur fyrir frábærum viðburðum fyrir nemendur svo sem örnámskeiðum, páskabingói og frábærri árshátíð barna þar sem stjórn og foreldrar sjá um að þjóna nemendum og kennurum til borðs, skreyta salinn og ganga frá eftir árshátíðina. Eftir árshátíðina hjálpast allir að við að ganga frá salnum og eldhúsinu þannig að

kennsla getur hafist strax morguninn eftir. Foreldrar taka einnig að sér að vera á göngu um hverfið á meðan nemendur fara heim.

4. *Jólasveinaútgæta*

Foreldrafélag Sólvala

Stjórn foreldrafélags Sólvala tekur á móti gjöfum í leikskóladeildinni þar sem bæjarbúar koma með gjafir fyrir aðfangadag. Ungir og liðlegir bæjarbúar taka síðan að sér að koma gjöfunum til skila á aðfangadag við mikinn fögnuð viðtakenda. Þetta hefur verið ein helsta fjáröflun félagsins í gegnum tíðina þar sem ágóðinn hefur verið nýttur í ýmis verkefni, áhöld eða stuðning við leikskólafarfið.

5. *Norrænuheimsókn*

Stjórn foreldrafélags Sólvala á Seyðisfirði

Í samráði við kennara Sólvala og stjórnendur Norrænu býður stjórn foreldrafélagsins elstu nemendum Sólvala í heimsókn í farþegaferjuna Norrænu einu sinni á ári. Þar tekur á móti þeim starfsmaður sem leiðir þau um skipið, þau fara í stjórnklefann og enda heimsóknina í hádegismat á veitingastað skipsins.

6. *Kynheilbrigði nemenda*

Foreldraráð Flensborgarskólans

Foreldraráðið hefur undanfarin ár fjármagnað verkefni þar sem smokkum og dömubindum er dreift ókeypis á salernum skólans. Það hefur jafnframt kallað til aðila sem hafa rætt um kynheilbrigði, kynímynd, einelti á netinu og klámvæðingu við nemendur og foreldra og fjármagnað þá fræðslu. Þetta hefur verið unnið af gleði og miklum kærleika fyrir nemendur skólans.

7. *Raðavarsla á dansleikjum*

Viðar Ágústsson og Foreldraráð Flensborgarskólans

Viðar er kennari við skólann og hefur, í samstarfi við foreldraráðið, skipulagt eftirlit með biðröðum inn á dansleiki og fylgst með nærumhverfi dansleiksins. Þetta minnkar líkur á því að illa staddur nemandi lendi í vanda utandyra eða kynferðisofbeldi og dregur úr áhættuhegðun. Sem betur fer er lítil drykkja í tengslum við dansleiki skólans en ráðavarslan hefur í senn forvarnagildi og eykur samstöðu foreldra.

8. *Láttu þér líða vel*

Guðrún Gísladóttir, kennari í Vogaskóla

Verkefninu „Láttu þér líða vel“ var ýtt úr vör í Vogaskóla fyrir um tveimur árum en þá var ákveðið að leggja áherslu á geðræktarþátt verkefnisins. Ákveðið var að mikilvægt væri að byrja strax við upphaf skólagöngu að hjálpa nemendum að stjórna eigin líðan og hegðun. Í þeim tilgangi hefur meðal annars verið boðið upp á jóga, slökun og núvitundarþjálfun. Verkefnið bætir líðan nemenda og starfsfólks með þau markmið að leiðarljósi að stuðla að bættum skólabrag sem og bættu skólastarfi. Með verkefninu er lögð áhersla á að styrkja sjálfstraust og sjálfsímynd einstaklingsins og sýna fram á fjölbreytileika samfélags þar sem allir hafa jafnan rétt á að vera þeir sjálfir. Að hlúa að geðheilsu og styrkja sjálfsmynd barna eflir nemendur og hefur um leið jákvæð áhrif á bæði börn og foreldra. Samvinna við heimilin eflir síðan foreldrastarfið sem aftur hefur jákvæð áhrif á líðan barna jafnt innan sem utan skólans.

9. *Edrúpottur*

Foreldraráð Verzlunarskóla Íslands

Verkefnið er útfært á skólaböllum Verzlunarskólans. Nemendur á fyrsta ári blása allir í áfengismæla. Eldri nemendur hafa val um að blása. Þeir sem blása fara í „edrupottinn“ og dregnir eru út glæsilegir vinningar. Foreldraráð skólans hefur stutt dyggilega við edrupottinn síðustu fjögur ár og gefið vinninga í pottinn ásamt skólanum. Edrúpotturinn hvetur nemendur skólans til að blása og velja þar með þá leið að skemmta sér án áfengis. Mikill árangur hefur náðst í uppbyggilegu skemmtanahaldi skólans og á síðustu árhátíð blés tæpur helmingur nemenda skólans og fór þar með í edrupottinn. Foreldraráð sendir út greiðsluseðla í upphafi hvers skólaárs. Fjármunir sem koma inn í foreldraráðið eru notaðir til að halda fræðslufundi fyrir foreldra og nemendur en stærsti hluti fjármunanna fer í stuðning við edrupottinn. Það er sameiginlegt markmið skólans og foreldraráðsins að hvetja unga fólkíð okkar til að skemmta sér án áfengis og vímuefna. Öflug þátttaka foreldraráðsins í gæslu fyrir utan böll sem og þátttaka í vinningum í edrupottinum hefur skilað sér í mikilli aukningu nemenda sem kjósa að skemmta sér allsgáðir. Samstarf heimila og skóla er mikilvægt á öllum skólastigum, ekki síst á framhaldsskólastiginu.

10. *Fróðir foreldrar*

Samstarfshópur foreldra, ungmenna, frístundamiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar og íþróttafélaga í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ um uppeldi, forvarnir og fræðslu

Fróðir foreldrar er samstarfsverkefni foreldrafélaga grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, íþróttafélaga hverfanna - KR og Vals, þjónustumiðstöðvarinnar og ungmennaráða hverfanna. Markmið verkefnisins er að rödd foreldra og ungmenna innan skólasamfélaga hverfanna heyrir, að virkja samtakamátt foreldra sem mikilvægan þátt í forvörnum í uppeldi barna, að nýta mannauð hverfanna og tengja við nærsamfélagið, að standa fyrir fræðslukvöldum sem byggð eru á óskum og hugmyndum foreldra í hverfunum. Markmið Fróðra foreldra er ávallt að sníða fræðslu að þörfum og óskum foreldra í hverfunum þremur og að hún sé fjölbreytt og aðgengileg. Í því skyni hefur verið boðið upp á táknaóstúlkun, sem og túlkun á ensku og pólsku. Öllum fræðslukvöldum er streymt í beinni útsendingu á heimasíðu Reykjavíkurborgar sem margfaldar aðgengi foreldra að fræðslukvöldunum. Einnig er hægt að horfa á upptökur af fræðslukvöldunum á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á svæði Fróðra foreldra og Facebooksíðan gegnir einnig mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun.

11. *Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka*

Hlín Magnúsdóttir Njarðvík, sérkennari

Hlín heldur úti Facebook-síðu þar sem hún deilir fjölbreyttum kennsluáðferðum sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir börn sem eiga erfiðara með hefðbundna kennslu. Hlín finnst mikilvægt að börnum finnist gaman í skóla og kennsluáðferðir hennar leggja áherslu á það og að börn fái tækifæri til að vera skapandi í náminu.

12. *Nemendaping Grunnskólans á Ísafirði*

Grunnskólinn á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði stóð fyrir nemendapingi þar sem umræðuefnið var gagnsemi og hættur við notkun samfélagsmiðla. Niðurstöður voru sendar heim til foreldra í formi seguls þar sem meginhugsun í niðurstöðum nemenda kom fram. Ítarlegri niðurstöður voru sendar með og þetta hugsað sem hvatning til umræðu um skynsamlega notkun samfélagsmiðla heima fyrir.

13. *Ráðgjafabjónusta fyrir foreldra barna með sérþarfir*

Sjónarhóll

Á Sjónarhóli er veitt ráðgjöf fyrir aðstandendur barna sem eiga við langvarandi veikindi og fötlun að stríða. Að Sjónarhóli standa nokkur samtök sem láta sig varða hagsmuni langveikra og fatlaðra barna. Það getur stundum reynst þrauti þyngri að fá bjónustu við hæfi þegar um frávík er að ræða hjá börnum og þá er ómetanlegt að geta leitað eftir fagþekkingu, leiðbeiningum og stuðningi á einum stað frá starfsfólki sem hefur gríðarlega reynslu og þekkingu á málefnum barna með sérþarfir. Sjónarhóll fær tilnefningu til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla fyrir störf sín í þágu barna með sérþarfir og fjölskyldna þeirra.

14. *Háskólinn og samfélagið – Best fyrir börnin*

Háskóli Íslands

Háskólinn og samfélagið er ný fyrirlestraröð sem rektor Háskóla Íslands hleypti af stokkunum á árinu 2018. Í fyrstu fræðslufundaröðinni sem hófst í ársbyrjun var velferð barna og ungmenna í brennidepli. Sú fundaröð fékk nafnið „Best fyrir börnin“ og þar hefur verið fjallað um ótal þætti sem snerta velferð barna og ungmenna, svo sem andlega líðan, hreyfingu, svefn, læsi, mataræði og samskipti. Markmiðið með fundaröðinni er að dýpka sýn bæði almennings og fagfólks á vandamál og lausnir á mikilvægum samfélagslegum þáttum og styðja fjölskyldur og samfélag í því að tryggja velferð barna og ungmenna.

15. *Lestaráttak Ævars vísindamanns*

Ævar vísindamaður

Hvatningarátak Ævars vísindamanns með það að markmiði að fá börn til að lesa hefur vakið mikla athygli og aukið áhuga barna á lestri. Fyrir hverjar þrjár bækur sem börnin lesa fylla þau út miða sem má nálgast á næsta skólabókasafni og skila þeim þangað útfylltum. Því fleiri bækur sem þú lest, því fleiri miða áttu í pottinum og hafa borist tugþúsundir miða á hverju ári frá því að verkefnið hóf göngu sína. Miðarnir eru sendir til Heimilis og skóla og þegar búið er að telja þá hefur Ævar m.a. notið liðsinnis forseta Íslands við að draga af handahófi fimm nöfn úr lestrarátakspottinum. Þeir krakkar sem dregnir eru út eru gerðir að persónum í ævintýrlegum bókum Ævars. Athygli

er vakin á því að íslenskir krakkar í útlöndum geta líka tekið þátt og hafa margir nýtt sér það tækifæri.

16. *Samstöðufundur vegna manneklu*

Foreldraráð Sunnufoldar

Foreldraráð leikskólans Sunnufoldar í Grafarvogi stóð fyrir samstöðufundi vegna manneklu í leikskólanum síðastliðið haust en þá höfðu hátt í 20 börn þurft að vera heima dag hvern um langa hríð vegna skorts á starfsfólki. Á fundinum var varpað fram spurningum um framtíð leikskólamála í borginni og vakti fundurinn meðal annars athygli fjölmiðla og náði eyrum ráðamanna.

17. *Foreldrastarf í Reykjanesbæ*

FFGÍR, foreldrafélög grunnskólabarna í Reykjanesbæ

Í FFGÍR fer fram gróskumikið og uppbyggilegt starf sem sinnt er af miklum metnaði. Haldið er úti fjölbreyttu starfi fyrir foreldra og Facebook-síðu þar sem miðlað er góðum og jákvæðum upplýsingum. Gaman er að fylgjast með hversu vel hefur tekist upp með samvinnu bæði við skólastjórnendur og milli foreldrafélaga í Reykjanesbæ. FFGÍR stendur fyrir fjölbreyttum verkefnum. Áhersla er lögð á að styðja við bekkjarfulltrúa en FFGÍR hefur einnig verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og vilja samtökin þannig styðja við foreldra barna í framhaldsskóla. Á þessu ári stóðu þau fyrir örnámskeiðum fyrir foreldra 5 til 10 ára barna um lestur, málþroska og orðaforða og er það gott dæmi um hvernig FFGÍR er með puttann á púlsinum og býður upp á fræðslu sem vöntun er á í nútímasamfélagi.

18. *Vináttuverkefni Barnaheilla*

Barnaheill - Save the Children á Íslandi

Vináttu er heitið á verkefni sem Barnaheill hefur staðið fyrir síðan árið 2014. Verkefnið er í stöðugri sókn og fjöldi leikskóla hefur sett efnið á dagskrá auk þess sem það er í prófun í 1.-3. bekk í grunnskólum. Vináttu er forvarnarverkefni gegn einelti og kemur frá Danmörku þar sem það hefur gefið góða raun. Einelti er eilífðarvandamál í skólakerfinu og er spennandi að fá að fylgjast með verkefni eins og Vináttu þar sem nálgunin er jákvæð og uppbyggileg og miðast við að börnin læri strax frá upphafi skólagöngu góð samskipti og að sýna samhygd. Vináttuverkefnið er metnaðarfullt og til að

fá að taka það upp í leik- eða grunnskóla þurfa skólarnir að senda kennara á námskeið og fá leyfi til að nota efnið.

19. *Páskakanínan 2018*

Sigríður Tryggvadóttir og stjórn foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla

Foreldrafélag grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla hefur komið að eflingu á félagsstarfi nemenda í vetur með nokkuð formlegri hætti en áður fyrr. Félagið hefur starfað í góðu samstarfi við nemendafélag Seyðisfjarðarskóla, grunnskóladeild Seyðisfjarðarskóla, Seyðisfjarðarkirkju og sveitarfélagið. Þessir aðilar hafa í samstarfi skipulagt og staðið fyrir ýmsum viðburðum fyrir nemendur til eflingar á félagsstarfi þeirra sem og eflingar á tengslum heimilis og skóla. Verkefnið sem stendur upp úr í vetur er Páskakanínan 2018 en það var unnið að frumkvæði séra Sigríðar R. Tryggvadóttur. Viðburðurinn er ratleikur fyrir börn í 5. til 10. bekk. Markmiðið með leiknum er að efla hópandann, stuðla að samvinnu og jákvæðni. Fyrirtæki í bænum tóku vel í þetta uppátæki með því að útbúa verkefni fyrir börnin á leið þeirra um bæinn, svo sem að: skipta um rúðupurrkur á bílum á bílaverkstæði, leysa þrautir hjá skólanum og læra ný orð í tungumáli nýrra eigenda bæjarsjoppunnar.

DUGNAÐARFORKAR

1. **Arnbjörg Stefánsdóttir**

Arnbjörg hefur sem skólastjóri Brekkubæjarskóla á Akranesi komið á fót þeirri skemmtilegu hefð ásamt starfsfólki skólans að halda fjölmennar morgunstundir fjórum sinnum á hverju skólaári. Á þessar morgunstundir koma foreldrar grunnskólabarna, ömmur, afar, yngri og eldri systkini og velunnarar skólans. Einnig er börnum úr leikskólum bæjarins boðið sérstaklega. Starfsfólk skólans og nemendur unglingsdeildar setja upp leikmynd daginn áður og sjá til þess að allt sé til reiðu. Nemendur í mismunandi bekkjardeildum frá 1. til 10. bekk skemmta gestum með frábærum atriðum sem alltaf vekja mikla lukku. Stundum taka nemendur frá Fjölbautaskóla Vesturlands, tónlistarskólanum eða Grundaskóla einnig þátt í dagskránni. Þetta frábæra starf er ómetanlegt ekki síst vegna þess hve mikið er lagt upp úr því að hvetja börnin til að taka þátt á sínum forsendum.

2. **Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir**

Rakel Rán er driffjöðurin í félagi foreldra leikskólabarna í Reykjavík, SAMLEIK-R. Hún hefur setið í stjórn félagsins í tvö ár og situr í nefndum á vegum Reykjavíkurborgar fyrir hönd félagsins. Félagið er nú orðið að afli sem tekið er mark á bæði inni á leikskólum og innan borgarkerfisins. Félagið veitir rödd sem vantað hefur fyrir okkar yngstu skjólstaðinga og foreldra þeirra. Rakel hefur yfirgripsmikla þekkingu og eldmóð fyrir þessu starfi.

3. **Foreldrafélög leik- og grunnskóla á Suðureyri 2016-2017**

Á Suðureyri hefur starfað einstaklega samhentur og duglegur hópur foreldra sem hefur meðal annars haldið árleg þorablót nemenda, jólafondur og fleira. Á síðasta skólaári var lögð mikil vinna í fjölmenningshátíð sem heppnaðist mjög vel og er hópurinn sem stóð að þessu frábæra verkefni sérstaklega tilnefndur enda einstakir dugnaðarforkar.

4. **Rósa Björg Jónsdóttir**

Rósa Björg er sjálfboðaliði hjá Móðurmáli – samtökum um tvítyngi og gegnir hlutverki verkefnastjóra bókasafnsverkefnis Móðurmáls. Hún er bókasafnsfræðingur að mennt og hefur skráð 2526 bókasafnsfærslur og strikamerkt 2788 gögn, allt í sjálboðavinnu. Um það bil fimm til sexþúsund bækur á 46 tungumálum fyrir börn, unglinga og fullorðna í eigu móðurmálshópa og samtakanna Móðurmáls eru fyrir vikið aðgengilegar skólabörnum á landinu. Rósa Björg hefur lært að umrita og finna leiðir til að skrá bækur á öllum tungumálum í Gegni og þetta kennir hún einnig öðrum starfsmönnum bókasafna. Safnkostur Móðurmáls hefur þá sérstöðu að hann er yfir 95% frumskráning sem þýðir að þetta efni er ekki til annars staðar á landinu. Bæði almennings- og skólabókasöfn hafa leitað til safnsins eftir efni. Safnið heldur úti fésbókarsíðu.

5. **Birgitta Bára Hassenstein**

Birgitta Bára hefur verið formaður SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, í fjögur ár og þar áður sat hún í stjórn samtakanna. Birgitta Bára brennur fyrir málefnum og réttindum barna í grunnskólum og er leitun að annarri eins ástríðu og dugnaði og hún sýnir. Birgitta er áheyrnarfulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur og hefur setið í fjölmörgum

starfshópum hjá borginni þar sem fjallað er um málefni grunnskólans, allt í sjálfboðavinnu. Einnig hefur hún unnið náíð með Heimili og skóla – landssamtökum foreldra og tekið að sér að vera fulltrúi þeirra í nefndum og á fundum. Birgitta hefur staðið fyrir ótal mörgum öflugum verkefnum, nú síðast var hún hugmyndasmiður og driffjöður í verkefninu „Allir með“ sem gengur út á að virkja foreldra barna af erlendum uppruna. Birgitta býr yfir ótrúlegum krafti og áhuga og þeim eiginleika að fá fólk til að vinna saman. Hún útdeilir verkefnum til þeirra sem geta gert þau betur en hún og veltir ekki fyrir sér hver fær heiðurinn af verkefnum sem hún hefur átt hugmynd að. Hennar forgangur er að verkefnið gagnist grunnskólabörnum og foreldrum þeirra sem best.

6. **Dagmar Dögg Þorsteinsdóttir**

Dagmar hefur unnið óeigingjarnt starf í Ungmennafélagi Kjalarness í níu ár, byggt upp félagið og gert það að öflugum vettvangi sem skipuleggur ógrynni viðburða sem er nauðsynlegt fyrir lítið samfélag eins og Kjalarnes. Grunnskólabörn hafa nú möguleika á að stunda fótbolta, körfubolta, sund, borðtennis, hokkí, og íþróttafjör. Einnig er krílahópur fyrir leikskólabörnin. Þetta er gríðarlega flott og metnaðarfullt starf í ekki stærra samfélagi. Dagmar hefur einnig sé um Kjalarnesdagana í að verða fjögur ár en um er að ræða glæsilega hátíð með ótal viðburðum sem stendur í fjóra daga. Dagmar er dugnaðarforkur með mikinn drifkraft.

7. **Tinna Guðmundsdóttir**

Tinna er formaður foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla. Hún er sýnileg í daglegu starfi, til dæmis á Facebook. Hún er einnig hugmyndarík og hvetjandi í aðkomu stjórnarinnar að skólastarfinu. Tinna er sannkallaður dugnaðarforkur.

8. **Ragnheiður Kristinsdóttir**

Ragnheiður er driffjöður í skólastarfinu í Kópavogsskóla. Hún fylgir eftir málum, sinnir öllu og öllum, sér til þess að bekkjarkvöld séu haldin og hvetur til mætingar. Hún minnir á foreldrafundi, foreldrarölt, tyllidaga í skólanum og margt fleira. Ragnheiður býður ávallt fram aðstoð sína, er einstaklega jákvæð og á auðvelt með að fá fólk til liðs við sig.

9. **Hlín Magnúsdóttir Njarðvík**

Hlín er sérkennari á yngsta stigi í Norðlingaskóla. Hún heldur úti Facebook-síðunni „Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka“ sem hefur notið gríðarlegra vinsælda. Þar deilir Hlín fjölbreyttum og óhefðbundnum kennsluaðferðum sem ætlaðar eru nemendum sem eiga erfitt með að nýta sér hefðbundna kennslu. Hlín finnst mikilvægt að börnum finnist gaman í skóla og kennsluaðferðirnar hennar leggja áherslu á það og að börn fái tækifæri til að vera skapandi í náminu. Segja má að síðan hennar sé orðin lítið samfélag þar sem fylgjendur hennar taka mikinn þátt og deila sínum hugmyndum. Boðskapur Hlínar er að það er alltaf til leið og það geta allir lært.

10. **Virpi Jokinen**

Virpi vinnur mikilvægt starf í þágu foreldra, nemenda og umhverfis í Laugarnesskóla hvað varðar óskilamuni. Hún heldur úti góðu skipulagi þar sem allt er flokkað og sett í viðeigandi skúffur eða hirslur. Hún heldur líka úti Facebook-síðu þar sem reglulega birtast myndir af nýjum óskilamunum. Þá skipuleggur hún viðburði og þemadaga í kringum óskilamunina og gerir þannig börnum og foreldrum auðveldara fyrir að leita að týndum flíkum. Virpi er hvetjandi fyrirmyndarforeldri sem vekur athygli með aðdáunarverðu og óeigingjörnu starfi og er góð fyrirmynd fyrir aðra foreldra.

11. **Guðmunda Hrönn Guðlaugsdóttir**

Guðmunda Hrönn hefur unnið frábært starf í Snælandsskóla í mörg ár sem kennari og bókasafnsfræðingur. Hún er stöðugt að finna upp á skemmtilegum leikjum til að fá börnin til að lesa meira og hefur lagt mikið á sig til að gera skólastarfið aðlaðandi og skemmtilegt fyrir börn í skólanum. Með frumlegum hætti hefur hún náð að auka áhuga barna á lestri og á lærdómi almennt sem gerir það að verkum að þeim finnst námsefnið meira aðlaðandi og þeim líður vel í skólanum. Hún á heiður skilinn fyrir það góða starf sem hún hefur unnið.

DÓMNEFND 2018 SKIPA:

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
Aðalheiður SteingrÍmsdóttir, Kennarasamband Íslands
Guðni Björnsson, forvarnaráðgjafi
Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Heimili og skóli þakka dómnefnd vel unnin störf.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUDURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS



Styrktaraðili Foreldraverðlaunanna 2018

